
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 3. maí 2019,
kl. 17:00 í útibúi Landsbankans, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Braga Gunnarsson hdl. í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Bragi tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Ástu Margréti Þórhallsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmæti fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 11. apríl 2019, á vef Íslenska lífeyris-sjóðsins og vef Landsbankans þann 5. apríl. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu. Fundarstjóri lagði til að farið yrði yfir fyrstu fjóra dagskrárlíði fundarins áður en opnað yrði fyrir mælendaskrá, engar athugasemdir voru gerðar og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn.

Fram kom í máli Atla að rekstur Íslenska lífeyris-sjóðsins hefur gengið vel á liðnum árum og endurspeglast það í öllum helstu kennitölum sjóðsins. Sjóðurinn hefði haldið áfram að vaxa og sjóðfélögum að fjölga. Ávöxtun á árinu 2018 hefði endurspeglað þróun á mörkuðum en nafnávöxtun deilda sjóðsins var á bilinu 3,6% til 5,1%. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar var 1,1% en meðalatal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar sl. fimm ár var 4,7% og 4,1% sl. tíu ár. Þá hefði hrein raunávöxtun Líf I, sem væri stærsta séreignardeild sjóðsins, numið 0,4% á árinu 2018 og meðalatal hreinnar raunávöxtunar í Líf I sl. fimm ár verið 4,6% og 5,3% sl. tíu ár.

Fram kom í máli Atla að hrein eign til greiðslu lífeyris hefði numið 80,4 milljörðum króna í lok árs 2018 og hafði hún vaxið um 9,7 milljarða króna frá fyrra ári en það samsvarar 13,7% vexti á árinu. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins voru heildareignir samtryggingadeildar 1,9% lægri en heildarskuldbindingar á árslok 2018. Í lok árs 2017 voru eignir 0,9% hærra en skuldbindingar og hefði staða sjóðsins því versnað nokkuð á árinu. Ástæður þess væru einkum tvær, annars vegar breyttar forsendur um mat skuldbindinga og svo náði ávöxtun miðað við endurmetna eign ekki 3,5% viðmiði.

Í ræðu formanns kom fram að sjóðurinn hefði vaxið hratt og sjóðfélögum fjölgað verulega á síðustu árum. Virkum sjóðfélögum, þ.e. einstaklingum sem að jafnaði greidda mánaðarleg iðgjöld til sjóðsins, hefði haldið áfram að fjölga og voru þeir 15.524 í árslok 2018 samanborið við 13.245 í árslok 2017. Það samsvaraði 15,2% fjölgun á árinu. Í lok árs 2018 áttu 37.265 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum og hafði þeim fjölgað um 2.464 á árinu. Fjöldi virkra lífeyrisþega var 531 talsins ár árinu 2018 samanborið við 454 á árinu 2017. Iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2018 námu 8,9 milljörðum króna samanborið við 7,4 milljarða króna á árinu 2017 sem væri 20,3% hækkun á milli ára.

Næst vék formaður að störfum stjórnar en fram kom að stjórnin hefði haldið 11 formlega stjórnarfundum á liðnu starfsári auk stefnumótunarfundar stjórnar, ársfundar sem haldinn var í apríl og auka-aðalfundar sem haldinn var í ágúst. Á aukaadal-fundi sjóðsins sem haldinn hefði verið á síðasta ári voru gerðar þær breytingar á samþykktum sjóðsins að frá og með aðalafundi á árinu 2019, þ.e. þessum aðalfundi, yrðu allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum sjóðsins en frá árinu 2009 hefði rekstaraðili sjóðsins, Landsbankinn hf., skipað einn aðalmann og einn varamann. Samhliða þessum breytingum yrði skipunartími hvers stjórnarmanns þrjú ár. Að þessu sinni yrði kosið um tvo aðalmenn til þriggja ára og einn aðalmann til tveggja ára. Þá yrði kosið um einn varamann til þriggja ára. Í framboði til aðalmanns til þriggja ára væru Atli Atlason og Þórir Óskarsson. Í framboði til aðalmanns til tveggja ára væri Una Eyþórsdóttir. Öll ættu þau sæti í stjórn sjóðsins. Framboðsfrestur aðalmanna væri vika fyrir ársfund og þar sem ekki hefðu borist fleiri framboð væri ljóst að sjálfkjörið yrði í aðalstjórn sjóðsins.

Þessu næst vék Atli að samkomulagi aðila vinnu-markaðarins en í því fælust talsverðar breytingar á lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Þar væri m.a. kveðið á um hækkun iðgjalds í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á næstu árum. Sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins sem njóta herra iðgjalds skv. ákvæðum samkomulagsins ráðstafa sínu iðgjaldi í frjálsa séreign sem lyti ekki sömu skilyrðum og tilgreind séreign. Talsverð umræða hefði verið um útfærslu á tilgreindu séreigninni á síðust misserum en Íslenski lífeyrissjóðurinn hefði ætíð talaði fyrir því að sjóðfélagar hefðu val til hvaða lífeyrissjóðs þeir greiddu iðgjald vegna tilgreindrar séreignar. Endanleg útfærsla um ráðstöfun iðgjaldsins til séreignar eða samtryggingar lægi ekki fyrir en gera mætti ráð fyrir lagafrumvarpi um þetta efni á næstu misserum. Mikilvægt væri að við útfærslu í lögum verði umhverfi séreignarsjóðanna ekki raskað enda ríkti almenn ánægja með það fyrirkomulag sem þeir byðu upp á í lífeyrissparnaði.

Að lokum þakkaði formaður þeim sem starfað hafa með stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu hans, sem og öðrum stjórnarmönnum sjóðsins.

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2018. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 10.

apríl 2019. Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, sjóðstreymi sjóðsins og vöxt deilda. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímann Gunnarsson forstöðumaður Stýringar eigna hjá Landsbankanum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2019. Fjárfestingarstefna ársins 2019 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2019. Ný

og uppfærð fjárfestingarstefna var síðan staðfest á stjórnarfundi þann 27. febrúar 2019. Stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Fram kom að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingarstærðfræðingur sjóðsins, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun sjóðsins á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2018 og forsendum hennar. Fram kom að athugunin væri samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til lífeyris. Skuldbindingar væru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga og mat þeirra kallaði því á sérhæfða útreikninga. Lífeyrissjóðir hefðu almennt engan ábyrgðaraðila. Af því leiddi að ef eignir væru lægri en skuldbindingar þyrfti að lækka áunnin réttindi eða hækka iðgjöld.

Fram kom hjá Bjarna að á árinu 2018 hefði Félag íslenskra tryggingastærðfræðingasamþykkt nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn væri byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða. Væri mat skuldbindinga Íslenska lífeyrissjóðsins við lok 2018 miðað við hinn nýja reiknigrundvöll, með sérstakri aðlögun að reynslu sjóðsins. Ýmis nýmæli væri að finna í athuguninni, um mat á lífslíkum væri byggt eingöngu á reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar, lagt væri mat á endurhæfingarlíkur með beinum hætti og loks væri gert ráð fyrir mismunandi lífslíkum öryrkja og annarra. Örorkureynsla sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins hefði jafnan verið góð. Athuganir á niðurstöðum hins nýja reiknigrundvallar Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga fyrir einstaka lífeyrissjóði sýndu að almennt nægir að aðlaga nýgengi örorku fyrir hvern sjóð, en lífslíkur og endurhæfingartíðni væri al-

mennt ekki ólík milli sjóða þegar tekið hefði verið tillit til áhrifa örorku. Fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn væri notað 73% af meðaltali athugunarinnar um nýgengi örorku fyrir karla og 67% fyrir konur. Nýjar forsendur fælu í sér óverulega hækkun á mati örorkuskuldbindinga en hins vegar yrði nokkur hækkun á mati eftirlaunaskuldbindinga, bæði af því að nú er aðeins horft til lífslíkna þeirra sem ættu rétt í lífeyrissjóðum en ekki til þjóðarinnar allrar, og svo reiknuðust auknar lífslíkur í hópi þar sem öryrkjar væru fáir.

Fram kom að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins í árslok 2018 væri neikvæð, þ.e. eignir væru lægri en heildarskuldbindingar sjóðsins. Heildarstaða fer úr +0,9% í -1,8% (-1,9% m.v. uppsetningu í reglum um ársreikninga). Þannig væru eignir 832 milljónum króna lægri en heildarskuldbinding samtryggingadeildar eða -1,8%. Þá væri framtíðarskuldbinding 1.040 milljónum króna umfram eignir eða -3,5%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði frá fyrra ári og varð breyting aðallega vegna breyttra reikniforsendna. Staða sjóðsins væri innan marka sem áskilin væru í lögum um starfsemi lífeyrissjóða.

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2018 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða. Fundarstjóri kvað orðið vera laust. Enginn kvað sér máls og var því farið í næsta dagskrárlið.

5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyris-sjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum. Á aukaáðalfundi á árinu 2018 voru gerðar þær breytingar á samþykktum sjóðsins að frá og með aðalafundi 2019, þ.e. þessum fundi, verða allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Áður var einn aðalamaður og einn varamaður skipaður af bankaráði Landsbankans. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund. Að þessu sinni verða kosnir tveir aðalmenn til þriggja ára og einn aðalmaður til tveggja ára. Kjörtímabili þriggja núverandi stjórnarmanna lýkur á þessum ársfundi, það eru Atli Atlason, Una Eyþórsdóttir og Þórir Óskarsson. Þau hafa öll til-

kynnt framboð sitt. Atli og Þórir bjóða sig fram til þriggja ára og Una til tveggja ára. Þar sem þau eru ein í framboði eru þau öll sjálfkjörin. Í varastjórn eru tveir menn báðir kosnir af sjóðfélögum. Að þessu sinni verður kosið um einn varamann. Í framboði sem varamaður í stjórn var Guðríður Sigurðardóttir. Fundarstjóri lýsti eftir fleiri framboðum til varamanna sjóðsins. Engin fleiri framboð bárust og því var Guðríður því sjálfkjörin varamaður.

Fundarstjóri kvað orðið laust um þennan lið. Enginn kvað sér hljóðs. Fundarstjóri lýsti þau rétt kjörin.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2019 verði Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18 því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyris-sjóðsins fyrir árið 2019.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

*Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnar-
laun verði 101.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir
stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir
varaformann. Varamenn fá greiddar 43.000 fyrir
hvern setinn stjórnarfund auk 58.000 króna til við-
bótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í for-*

*föllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til vara-
manns skal aldrei vera hærrí en sem svarar til launa
stjórnarmannanna. Tillagan felur í sér 5,5% hækkun
sem er í takt við hækkun á launavísitölu.*

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið.
Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt sam-
hljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar
til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því
stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og

starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði
fundi slitið um kl. 17:45.

Sjóðfélagar á fundi voru 10 og vægi atkvæða 0,17%.

